

- c. Strandferðaskip, sem um getur í c-lið 29. gr., greiði kr. 0.45 af hverri nettórúmlest í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar.
- d. Öll önnur skip, nema varðskip og hjörgunarskip, greiði kr. 0.75 af hverri brúttórúmlest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring. Bryggjuggjald skv. b-, c- og d-liðum þessarar greinar skal aldrei vera lægra en kr. 50.00 í hvert sinn.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendíngarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi 1.—2. og 4.—6. gr. reglugerðar nr. 49 20. marz 1953 og reglugerð nr. 23 20. febrúar 1955, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók.

Samgöngumálaráðuneytið, 27. maí 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Grafningshreppi, Árnassýslu.

Fasteignaskatt í Grafningshreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. maí 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 160 29. nóvember 1956, um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. málsg. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akureyri, skal á hverjum tíma takmörkuð við íbúatölu Akureyrar, þannig, að ein leigubifreið komi á hverja 225 íbúa. Reikna skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga á Akureyri samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.